

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarféлага fyrir árið 1994.

Rekstrarreikningur ársins 1994.

Fjármunatekjur:	kr.
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	282.666.287
Aðrar vaxtatekjur	3.035.620
Lántökugjald	<u>8.660.000</u>
Fjármunatekjur alls:	<u>294.361.907</u>
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	44.915.218
Önnur vaxtagjöld	1.624.504
Lántökugjöld	<u>237.500</u>
Fjármagnsgjöld alls:	<u>46.777.222</u>
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	247.584.685
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	<u>46.977.092</u>
Hreinar fjármunatekjur:	<u>200.607.593</u>
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	<u>118.695.712</u>
Aðrar tekjur alls:	<u>118.695.712</u>
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	10.964.940
Sérkostnaður Lánasjóðs	3.757.231
Afskr. varanl. rekstrarfjármuna	<u>1.400.731</u>
Rekstrargjöld alls:	<u>16.122.902</u>
Tekjuafgangur ársins:	<u>303.180.403</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1994.

Eignir.

Veltufjármunir:	kr.
Sjóður	75.269
Bankainnstæður	82.723.727
Útistandandi skuldir	7.019.114
Gjaldf. afborganir og vextir	10.666.658
Áfallnir útistandandi vextir	107.811.034
Afborg. sem gjaldf. á næsta ári	<u>673.490.163</u>
Veltufjármunir alls:	<u>881.785.965</u>

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign.....	4.650.505.252
Afb. til greiðslu á næsta ári	<u>681.610.606</u>
Langtímakröfur alls:	<u>3.968.894.646</u>
Áhættufé:	
Hlutabréfaeign	<u>260.000</u>
Áhættufé alls:	<u>260.000</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Tölvubúnaður	0
Fasteign	<u>31.049.011</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	<u>31.049.011</u>
Fastafjármunir alls:	<u>4.000.203.657</u>
Eignir samtals:	<u>4.881.989.622</u>

Skuldir og eigið fé.**Skammtímaskuldir:**

	kr.
Skuldheimtumenn	2.594.889
Áfallnir ógr. vextir	11.218.295
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	<u>74.678.902</u>
Skammtímaskuldir alls:	<u>88.492.086</u>

Langtímaskuldir:

Langtímalán:	
Framkvæmdasjóður Íslands	217.203.401
Seðlabanki Íslands	5.445.040
Norræni fjárfestingabankinn	<u>512.323.445</u>
	734.971.886
Afborganir næsta árs	<u>74.678.902</u>
Langtímalán alls:	<u>660.292.984</u>
Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldb. v/starfsmanna	<u>10.123.000</u>
Ábyrgðarskuldbinding alls:	<u>10.123.000</u>
Skuldir alls:	<u>758.908.070</u>

Eigið fé:

Endurmatsreikningur	1.987.011.482
Óráðstafað eigið fé	<u>2.136.070.070</u>
Eigið fé alls:	<u>4.123.081.552</u>
Skuldir og eigið fé samtals:	<u>4.881.989.622</u>

Áritun endurskoðenda.

Ég hefi endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1994. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins 1994, efnahagsreikning 31. desember 1994 og fjármagnsstreymi og sjóðstreymi 1994.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar, voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar. Það er álit mitt, að miðað við viðtekna reiknings-skilavenjur, gefi ársreikningurinn glögga mynd af rekstri sjóðsins árið 1994 og efnahag hans í árslok.

Reykjavík, 31. maí 1995.

Sveinn Sæmundsson,
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir, endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og leggjum við til, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 31. maí 1995.

Sveinn Sæmundsson.

Ingimundur Sigurpálsson.

Skýrsla stjórnar.

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 1994 og voru haldnir 5 stjórnarfundir. Húsnæði sjóðsins er að Háaleitisbraut 11 og skrifstofuhald sameiginlegt með Bjargráðasjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eins og verið hefur frá stofnun sjóðsins.

Á árinu 1994 var tekið nýtt lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum að fjárhæð 95 milljónir króna. Auk þess var lánnum hjá bankanum, sem tekin voru á árinu 1993 í erlendri mynt, skuldbreytt í íslenskar krónur. Öll lán sjóðsins hjá Norræna fjárfestingarbankanum eru nú í íslenskum krónum og verðtryggð með lánskjaravísitölu.

Stjórn sjóðsins samþykkti lánveitingar að fjárhæð 949 milljónir á árinu 1994, þar af voru framkvæmdalán 804 milljónir og skuldbreytingalán 145 milljónir. Auk þess var endurlánnum frá NIB í erlendri mynt frá 1993 að fjárhæð 105,7 milljónir skuldbreytt í íslenskar krónur.

Nánari skipting á útlánum 1994 er eftirfarandi:

	Samþykktar lánveitingar í þús. kr.	Útborguð lán í þús. kr.	Ónýttur lánsréttur í þús. kr.
Skólar, dagheimili, íþróttahús	536.000	526.250	9.750
Gatnagerð, holræsi	155.500	84.500	71.000
Vatnsveitur	7.000	7.000	0
Hitaveitur	15.500	15.500	0
Annað	90.000	90.000	0
	804.000	723.250	80.750
Skuldbreytingarlán, almenn	145.000	142.750	2.250

Skuldbreytingarlán, NIB	105.700	105.700	0
	<u>1.054.700</u>	<u>971.700</u>	<u>83.000</u>

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin útlánafé eru verðtryggt með lánskjaravísitölu og vextir voru 5% fram til 1. júní 1994 en þá voru vextir sjóðsins lækkaðir í 4,8% samkvæmt ákvörðun stjórnar. Lán sem sjóðurinn tekur og endurlánar síðan er lánað með 0,2% vaxtaálagi og 1% lántökugjaldi en að öðru leyti gilda lántökukjör.

Til tryggingar lánum sjóðsins til sveitarfélaganna hefur sjóðurinn fengið veð í framlögum lántakenda úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skv. 13. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga og einnig í tekjum sveitarfélaga skv. 1. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 sbr. lög nr. 42/1990.

Á árinu 1992 átti Lánasjóður sveitarfélaga 25 ára starfsafmæli og var af því tilefni gerður samningur við listamanninn Örn Þorsteinsson 2. júlí 1991 um gerð lágmyndar, sem sett skyldi upp í húsnæði sjóðsins að Háaleitisbraut 11-13. Umsamið verð var 1.150 þús. krónur og skyldi verkinu lokið eigi síðar en 25. janúar 1992. Verki þessu lauk 1994 og nam kostnaðurinn 1.197 þús króna, er hann gjaldfærður á árinu.

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfstofnunum hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Farið hafa fram útreikningar á þessari kvöð og samkvæmt þeim útreikningum nemur hlutur Lánasjóðs rúmlega 10 milljónum króna í árslok 1994. Áætluð kvöð Lánasjóðs eða 10.123 þús. króna er því færð meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi sjóðsins en áætluð lækkun kvaðarinnar innan ársins er færð til lækkunar í sérkostnaði sjóðsins eða 120 þús. krónur.

Samkvæmt lögum frá Alþingi 22. desember 1992 voru framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs á árinu 1993 skert um 110 milljónir króna. Lög þessi voru til eins árs. Á árinu 1994 voru engar skerðingar á framlögum Jöfnunarsjóðs og námu framlög hans á árinu 118,7 milljónum króna.

Afkoma sjóðsins var mjög góð á liðnu ári og varð tekjuafgangur ársins 303,1 milljón króna á móti 186,4 milljónum árið áður. Óskert framlög Jöfnunarsjóðs er meginþýring þessarar hækkunar.

Efnahagur sjóðsins er traustur. Eigið fé nemur í árslok 4.123,1 milljón króna á móti 3.772,2 milljónum árið áður og hefur því aukist um 9,3% á árinu.

Eiginfjárhlutfall er í árslok 84,4% á móti 83,5% árið áður.

Akureyri, 29. apríl 1995.

Freyr Ófeigsson.

Ólafur Kristjánsson.	Jón G. Tómasson.
Kristján Magnússon.	Sigríður Stefánsdóttir.
Þórður Skúlason.	Birgir L. Blöndal.